

Múlaþing
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 24.1.2022
UST202103-097/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Múlaþings

Þann 8. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Múlaþings að Brandsbölum á Borgarfirði eystri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 22. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. **Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2020 höfðu ekki borist við eftirlit.**

Einnig eru opin frávik frá eftirliti 2019 er varðar:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 22. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. **Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2018 höfðu ekki borist við eftirlit.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. febrúar 2022.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Steinunn Karlsdóttir
Sérfræðingur